

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að takmarka veiðar við ákveðna daga innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. og ákveðinn tíma sólarhrings.
2. Við 3. gr.
 - a. Í stað orðanna „enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils“ í 1. efnismgr. komi: enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands stofnsins að takmarka veiðar innan leyfilegs veiðitímabils.
 - b. Á eftir 2. efnismgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Sölubann sem ráðherra ákveður skv. 1. mgr. nær ekki til innfluttra fugla og fugla-afurða þeirra tegunda sem bannið tekur til. Innflytjanda og seljanda ber að tryggja að innfluttar fuglategundir og afurðir þeirra séu þannig merktar að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar.
3. Við bætist ný grein er verði 4. gr. og orðist svo:
Í stað orðanna „Á sama tíma“ í 2. másl. 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Frá 1. apríl til 14. júlí ár hvert.
4. Við 4. gr., er verður 5. gr., bætist nýr liður, svohljóðandi:
Á eftir 1. mgr. 21. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Gera má lögaðila sekt fyrir brot gegn 17. gr. a. Um refsíabyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.